

Ed.

437. Breytingartillögur

[111. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og l. nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 4. gr. Orðin „en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir“ í næstsiðasta málsl. falli niður.
2. Við 5. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
Nú hefur innsigli farmrúms eða annarra staða í skipi áhættu í för með sér fyrir öryggi farms, skips eða manna eða það veldur verulegum tófum á afgreiðslu skipsins, og getur þá skipstjóri krafizt þess, að tollgæzla sé sett um borð í skipið, svo lengi sem áhættan varir, útgerðinni að kostnaðarlausu, en skylt er útgerðinni að láta tollgæzlunni í té allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að auðvelda tolleftirlitið og gera það öruggara, enda hafi það ekki verulegan kostnað í för með sér.
3. Við 6. gr. 1. tölul. falli niður.
4. Við 7. gr. Meginmálgreinin orðist svo:
Ferming og afferming skipa skal jafnan fara fram á þeim stað í höfn, sem tryggir öruggt tolleftirlit, að svo miklu leyti sem því verður við komið að dómi hafnaryfirvalda, enda rýri það ekki öryggi skips, farms eða manna, sem við það starfa, eða torveldi verulega afgreiðslu skipsins.
5. Við 10. gr. Meginmálgreinin orðist svo:
Meðan afferming skips fer fram á fyrstu tollhöfn, sbr. 7. gr., er tollgæzlunni heimilt að afgirða hæfilegt athafnasvæði umhverfis skipið og loka allri umferð um það. Skal þá öll umferð og allar vörur úr skipi fara um þar til gert tollgæzluhlíð. Auk þess sem tollgæzlumönnum er heimilt að leita alls staðar í skipi, er þeim og heimil leit og rannsókn á mönnum, vörum, bifreiðum og sérhverju öðru því, sem um tollgæzluhlíðið fer. Stjórnendum farartækja og öðrum, sem um tollgæzluhlíðið fara, er skylt að nema staðar, þegar tollgæzlumenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tollgæzlumönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast.
Ef ástæður þykja til, má gera sams konar ráðstafanir, hvar og hvenær sem skip er affermt, þótt það hafi áður verið tollafgreitt á fyrstu höfn.
6. Við 13. gr. 2. tölul. falli niður.
7. Við 14. gr.
 - a. Á eftir orðunum „að eigi séu í skipinu“ í 1. tölul. komi: eftir því sem hann bezt veit.
 - b. Í stað orðanna „að láta þeim í té nákvæmar skrár“ í síðustu málsgr. komi: að láta þeim í té svo nákvæmar skrár sem mögulegt er.
8. Við 15. gr. 2. tölul. falli niður.
9. Við 18. gr. B-liður falli niður.
10. Við 24. gr. Í stað greinarinnar komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd til þess að semja heildarlöggjöf um tollgæzlu, er miði að því að gera tolleftirlitið svo einfalt og öruggt sem kostur er á, m. a. með því, að komið verði upp tollbúðum og vörugeymslu fyrir tollskyldar vörur á innilokuðum hafnarsvæðum, sem tryggja hagkvæmari og öruggari tollgæzlu og jafnframt sem minnstan flutningskostnað tollvara á milli tollgæzlustöðva, svo og með því að skipuleggja samstarf á milli tollgæzlunnar og þeirra aðila, sem annast flutning og geymslu tollskyldra vara.

Skal nefndin skipuð þannig: einn samkvæmt tilnefningu hvers eftirtalinna aðila: Eimskipafélags Íslands, skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga og Reykjavíkurhafnar, en auk þeirra húsameistari ríkisins og tollstjórninn í Reykjavík, og er hann formaður nefndarinnar. Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað til ríkisstjórnarinnar álit, tillögum og frumvarpi til laga um tollgæzlu fyrir samkomu-dag næsta reglulegs Alþingis.